



**Viðtakandi:** Skóla- og frístundaráð

**Sendandi:** Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Reykjavík, 18. september 2024

SFS23020061

## MINNISBLAÐ

### Samningur Reykjavíkurborgar og Kjósarhrepps um þjónustu og greiðslur vegna barna og nemenda sem eiga lögheimili í Kjósarhreppi og eru í leikskóla, grunnskóla, frístundastarfi eða tónlistarskóla Reykjavíkurborgar í Klébergi

Skóla- og frístundasvið hefur unnið að gerð nýs samnings við Kjósarhrepp þar sem kveðið er á um þjónustu og greiðslur á milli Reykjavíkurborgar og Kjósarhrepps vegna barna og nemenda sem eiga lögheimili í Kjósarhreppi og eru í leikskóla, grunnskóla, frístundastarfi eða tónlistarskóla á vegum Reykjavíkurborgar í Klébergi. Samkvæmt samningnum njóta umrædd börn sömu réttinda og þjónustu og önnur börn í leik- og grunnskóla Klébergsskóla.

Samningurinn er gerður á grundvelli 96. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, 28. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 og 45. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008.

Lagt er til að skóla- og frístundaráð samþykki nýjan samning og málinu vísað til borgarráðs.

Á fundi sveitarstjórnar Kjósarhrepps sem fram fór þann 4. september 2024 var samningurinn samþykktur.

Samningurinn skal staðfestur af ráðherra mennta- og barnamála að fenginni umsögn ráðherra sveitarstjórnarmála.

Ekki er viðbótarkostnaður af samningnum frá því sem verið hefur. Með þessum samningi er stefnt að því að greiðsluþátttaka Kjósarhrepps hækki og endurspegli hlutdeild í raun rekstrarkostnaði Klébergsskóla.

Um greiðslur Kjósarhrepps vegna skólavistar nemenda Kjósarhrepps í Klébergsskóla samkvæmt samningnum fer eftir viðmiðunarreglum og gjaldskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga eins og hún er á hverjum tíma, auk 15% álags. Greiðslur eru miðaðar við 50-100 barna skóla í gjaldskránni, sem er aðeins lægri barnafjöldi en verið hefur í skólanum síðustu ár.

Nú eru um 8 börn í leikskólanum Bergi í Klébergi með lögheimili í Kjósarhreppi. Miðað við þær forsendur er gert ráð fyrir að greiðsluþátttaka Kjósarhrepps hækki um 2,2 milljón króna á ári vegna umræddra barna í leikskólanum.



Reykjavík



Nú eru um 12 nemendur í grunnskólanum Klébergsskóla með lögheimili í Kjósarhreppi. Miðað við þær forsendur er gert ráð fyrir að greiðsluþátttaka hækki um 11,3 milljón króna vegna nemenda í grunnskólanum.

Fjöldi barna í tónlistarskólanum í Klébergi hefur verið breytilegur, en ekki hefur verið formlegur samningur til staðar sem kveður á um greiðsluskyldu Kjósarhrepps vegna umræddra barna. Samkvæmt þessum samningi er miðað við að Kjósarhreppur greiði kostnað sem nemi meðalaraunkostnaði við nemenda að frádreginni greiðslu foreldra, eða u.þ.b. kr. 460.000 á ári á hvert barn í fullu tónlistarnámi.

Í samningnum er ekki kveðið á um greiðsluskyldu Kjósarhrepps vegna frístundaheimila eða félagsmiðstöðva. Litið er svo á að greiðslur Kjósarhrepps vegna skólavistar nemenda samkvæmt framangreindu fyrirkomulagi geti mætt þeim kostnaði auk mögulegs viðbótarkostnaðar vegna ókeypis skólamáltíða.

